

## AUGLÝSING um skipulagsmál í Rangárþings eystra.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

### *Deiliskipulag frístundasvæðis, Ystabælistorfa 1-5.*

Deiliskipulagið tekur til landsvæðis Ystabælistorfu 1-5, samtals um 27 ha. Tillagan gerir ráð fyrir byggingu 5 frístundahúsa og eins hesthúss.

Deiliskipulagstillagan var samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings eystra 13. desember 2013.

### *Deiliskipulag landbúnaðarsvæðis – Eystra-Fíflholt.*

Deiliskipulagið tekur til um 341,6 ha lands Eystra-Fíflholts, sem skipt er upp í þrjá hluta. Gert er ráð fyrir byggingu tveggja íbúðarhúsa og landbúnaðarbygginga.

Deiliskipulagstillagan var samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings eystra 10. apríl 2014.

### *Deiliskipulag frístundasvæðis – Náttthagi.*

Deiliskipulagið tekur til um 1,6 ha lands úr landi Seljalandsssels. Gert er ráð fyrir 20 sérafnotaflötum fyrir frístundahús.

Deiliskipulagstillagan var samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings eystra 10. apríl 2014.

### *Óveruleg breyting á deiliskipulagi Hlíðarbakka.*

Deiliskipulagsbreytingin tekur til lands Hlíðarbakka. Um er að ræða breytingu á fjölda lóða innan svæðisins. Lóðum fækkar úr 6 í 3.

Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings eystra 20. maí 2014.

Ofangreindar deiliskipulagstillögur hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Hvolsvelli, 26. október 2014.*

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

**Anton Kári Halldórsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 11. nóvember 2014